

D ó m s o r ð:

Ákærði Árni Grétar Gunnarsson greiði kr. 5.000,00 í sekt til ríkissjóðs. Komi 7 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dómsins.

Ákærði Hannes Höskuldsson greiði kr. 5.000,00 í sekt til ríkissjóðs. Komi 7 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dómsins.

Ákærðu greiði in solidum allan kostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 6.000,00, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Þórarins V. Þórarinssonar lögfræðings, kr. 6.000,00.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Fimmtudaginn 10. október 1985.

Nr. 102/1985. **Ákæruvaldið**

(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
gegn

Ernu Benediktsdóttur

(Arnmundur Backman hrl.)

Brot gegn tolllögum. Eignarupptaka. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Sigurgeir Jónsson, Guðmundur Skaftason og Magnús Thoroddsen.

Máli þessu var áfrýjað 17. apríl 1985 af hálfu ákæruvalds refsingu til þyngingar og til upptöku á myndsegulbandstæki af gerðinni Mitsubishi. Ágrip málsgagna barst Hæstarétti 30. júlí 1985.

Með skírskotun til forsendna héraðsdóms ber að staðfesta sakarmat hans og heimfærslu til refsíákvæða.

Refsing ákærðu þykir hæfilega ákveðin 10.000,00 króna sekt í ríkissjóð, er greiðist innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa, en sæti ella 10 daga varðhaldi. Að kröfu ákæruvalds og með heimild í 1. mgr. 72. gr. laga nr. 59/1969, um tollheimtu og tolleftir-

lit, sbr. 5. gr. i.f. reglugerðar nr. 356/1982, er myndsegulbandstæki það, sem ákæra tekur til, gert upptækt til ríkissjóðs.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað. Ákærða greiði allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 10.000,00 krónur, og laun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, 10.000,00 krónur.

D ó m s o r ð:

Ákærða, Erna Benediktsdóttir, greiði 10.000,00 króna sekt í ríkissjóð innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa, en sæti ella 10 daga varðhaldi. Gert er upptækt til ríkissjóðs myndsegulbandstæki af gerðinni Mitsubishi.

Staðfest eru ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað. Ákærða greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 10.000,00 krónur og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Arnmundar Backman hæstaréttarlögmanns, 10.000,00 krónur.

S é r a t k v æ ð i

Sigurgeirs Jónssonar hæstaréttardómara.

Ég er samþykkur atkvæði meiri hluta dómenda Hæstaréttar í máli þessu um annað en fjárhæð sektar. Ég tel sektarrefsingu ákærðu hæfilega ákveðna 20.000,00 krónur og vararefsingu samkvæmt því 20 daga varðhald.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 21. mars 1985.

Ár 1985, fimmtudaginn 21. mars, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Jóni Erlendssyni sakadómar, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 161/1985: Ákærvaldið gegn Ernu Benediktsdóttur, sem tekið var til dóms 13. þ.m.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 4. maí 1984, „fyrir sakadómi Reykjavíkur á hendur Ernu Benediktsdóttur flugfreyju, Ánalandi 6, Reykjavík, fæddri þar í borg 27. júní 1957, fyrir tolllagabrot með því að hafa við komu til Keflavíkurflugvallar 10. apríl 1983 frá Luxemburg eigi framvísað með tilskildum hætti nýju myndsegulbandstæki af gerðinni Mitsubishi, sem ákærða hafði fengið erlendis í ferðinni, en í greint

skipti gekk ákærða um tollhlið merkt grænu skilti með áletruninni: „Enginn tollskyldur varningur“, og fann tollvörður tækið við leit í farangri hennar.

Telst þetta varða við 1. mgr. 60. gr., sbr. 1.mgr. 61. gr. og 71. gr., laga um tollheimtu og tolleftirlit nr. 59, 1969, sbr. 2. gr. laga nr. 71, 1976, sbr. 1. og 5. gr. reglugerðar nr. 356, 1982, sbr. reglugerð nr. 145, 1983.

Þess er krafist, að ákærða verði dæmd til refsingar, til greiðslu alls sakar-kostnaðar og til að sæta upptöku á framangreindu myndsegulbandstæki samkvæmt heimild í 1. mgr. 72. gr.laga nr. 59, 1969, sbr. 5. gr. i.f. reglu-gerðar nr. 356, 1982.“

Samkvæmt sakavottorði ákærðu hefur hún ekki sætt refsingum, svo kunnugt sé.

Málavextir.

Þann 10. apríl 1983 var Björg Valtýsdóttir tollvörður í „grænu“ tollhliði á Keflavíkurflugvelli, sem merkt er „enginn tollskyldur varningur.“ Kom þá til afgreiðslu ákærða í máli þessu. Í skýrslu tollvarðarins segir:

„Við leit í farangri Ernu, kom í ljós tæki vafið inn í handklæði. Er ég spurði Ernu hvað útvarpstækið kostaði, sagði hún það hafa kostað um \$ 250.- dollara. Þegar nánar var athugað hvers konar tæki væri um að ræða kom þá í ljós að þetta var VHS myndsegulband tegund MITSUBISHI HS-303 E, SER: E30 333982.

Aðspurð hví hún hefði ekki framvísað téðum varningi á rauðu hliði sem merkt er „tollskyldur varningur“, því hún ætti vita muninn á hliðunum þar sem hún væri búin að starfa sem flugfreyja hjá Flugleiðum h/f. Kvað hún þetta vera eign Lufthansa flugfélagsins, en hefði tækið að láni í hálfan mánuð, og færi síðan úr landi aftur.“

Ákærða gaf skýrslu hjá RLR þann 19. júní 1983. Í upphafi þeirrar skýrslu kemur fram hjá ákærðu, að það hafi verið vinkona hennar Þórunn, sem hafi sagt tollverði þá sögu, að Lufthansa væri eigandi að tækinu. Í skýrslu ákærðu segir síðan:

„Ég fór til Kölnar í Þýskalandi fimmtudaginn 7. apríl í keppnisferð í badminton á vegum Flugleiða.

Kvöldið áður hringdi ég til Jóhanns Inga Gunnarssonar, sem er búsettur í Þýskalandi, og bað hann um að athuga fyrir mig með verðið á myndsegul-bandstæki, en ég var með í huga 40 ára brúðkaupsafmæli foreldra minna.

Þegar ég kom út á fimmtudeginum þá hafði ég samband við Jóhann Inga og hann var búinn að kanna þetta. Hann keypti síðan umrætt myndsegul-bandstæki í samráði við mig og hann kom síðan með það til mín. Tækið kostaði DM 589.- og ég legg hér með fram reikninginn í málinu, en reikn-inginn fékk ég strax með tækinu, og ég var með hann á mér þegar tækið

var tekið af mér í tollinum, en var ekki spurð hvort að ég hefði reikning.

Af því að við vorum tvær saman með ekki neinn varning þ.e. einnig Ólöf Guðfinnsdóttir, svilkona mína, þá taldi ég að þetta færi ekki yfir leyfilegan, tollfrjálsan innflutning tveggja farþega. Ólöf hafði fallist á þetta áður en við komum heim, enda átti þetta að vera gjöf til foreldra minna frá fjölskyldunni. Hins vegar þegar við förum í tollinn þá lendir Ólöf hjá öðrum tollverði og er komin í gegn þegar kemur að mér.

Ég var með tækið í ferðatöskunni og ekkert í felum, en hafði vafið um það handklæði til að hlífa því fyrir hnjaski.

Þegar síðan var leitað í farangrinum hjá mér þá opnaði ég töskuna fyrir hana, og sýndi henni í hana. Tækið var ekkert í felum og Björg spurði mig að því hvað það hafi kostað. Ég sagði að það hafi kostað um \$ 250, sem ég taldi vera nokkuð nærri lagi. Ég var ekki spurð að því áður en leitað var í töskunni hvort að ég væri með tollskyldan varning.

Ég var ekkert nánar spurð, en tækið tekið af mér.

Björg tollvörður varð það æst, og þegar Þórunn Reynisdóttir, kallaði fram í, þá kom fát á mig þannig að ég gat ekki útskýrt þetta eins og ég hefði viljað — fannst þá að ég myndi koma Þórunni í vandræði.

Í sambandi við þetta sem Þórunn sagði, og Björg segir mig hafa sagt, þá er rétt að benda á það að ég var búin að gefa upp hvað ég hafi greitt fyrir tækið, þannig að það hefði verið skritið ef ég hefði eftir það farið að segja að tækið væri eign Lufthansa flugfélagsins.“

Ákærða gaf aftur skýrslu hjá RLR þann 15. janúar 1984 og svo að lokum fyrir dómi þann 17. maí 1984.

Vinkonur ákærðu tvær, sem jafnframt voru ferðafélagar hennar greint sinn, hafa gefið skýrslur hjá RLR og staðfest þær fyrir dómi. Staðfesta þær í meginefnum frásögn ákærðu.

Björg Valtýsdóttir tollvörður og Einar Birgir Eymundsson tollfulltrúi hafa bæði gefið skýrslur hjá RLR og fyrir dómi. Þau hafa bæði borið, að þeim sé ekki kunnugt um það, að myndast hafi þær starfsvenjur hjá tollgæslunni, að fjölskyldu, sem ferðist saman, sé heimilað að flytja til landsins einn hlut, sem væri dýrari en sem nemur því hámarki, sem lögin heimila hverjum einstökum hverju sinni.

Þá kom fram hjá tollfulltrúanum, að eftir að tollleit sé hafin í græna hliðinu hjá fólki, þá geti það ekki snúið aftur og ætlast til þess að fá að greiða toll af hlutum. Fram að tollleit geti hins vegnar verið möguleiki á þessu.

Vitnið Jóhann Ingi Gunnarsson hefur gefið skýrslu hjá RLR og staðfest það að hafa keypt tækið fyrir ákærðu í Kiel þann 8. apríl 1983 og síðan fært henni tækið til Kölnar en þangað hafi vitnið átt erindi. Einnig liggur frammi í málinu reikningur, sem sýnir verð tækisins, DM. 589,00.

Vitnið Guðmundur Jóhannsson verslunarstjóri hjá Heklu h/f, kom fyrir dóminn 20. febrúar 1985.

Vitnið kvaðst muna eftir því að hafa verið inntur eftir verði á Mitsubishi myndsegulbandstækjum af hálfu tollgæslunnar. Vitnið mundi eftir þessu máli sérstaklega, þar sem hringt hafði verið oftar en einu sinni. Vitnið kvaðst ekki hafa haft verð á þessu tiltekna tæki. Verð á tækinu HS 302 var hjá Heklu þann 23. febrúar 1982, 1240 ensk pund og HS 310 1440 ensk pund.

Vitninu fannst líklegt að þessi verð hafi hann gefið tollgæslunni upp í fyrstu, þar sem ekki var til staðar hjá Heklu tæki af tegundinni HS 303 þá.

Niðurstöður.

Ákærða í máli þessu er starfandi flugfreyja og því vel kunnugt um starfsvenjur tollgæslunnar á Keflavíkurflugvelli. Vinkonur hennar tvær eru og starfsmenn Flugleiða, og má því ætla, að þeim sé á sama hátt kunnugt um það, hvernig fólk beri sig að við komu til landsins og afskipti tollgæslufólks af mönnum.

Ákærðu var því í lófa lagið að fara rétt að og gefa tækið upp við tollgæslufólkið. Tækið kemur hins vegar fyrst fram við leit í farangri hennar í græna hliðinu, þar sem fólki ber að gefa sig fram, sem engan tollskyldan varning hefur með sér.

Það er því niðurstaða dómsins, að ákærða hafi fullframið það brot, sem hún er ákærð fyrir og rétt er lýst í ákæru og réttilega fært til refsiviðurlaga.

Með hliðsjón af atvikum öllum þykir refsing ákærðu hæfileg 5.000 króna sekt í ríkissjóð, sem greiðist innan 4 vikna frá dómsbirtingu, en í stað hennar komi ella 5 daga varðhald.

Einnig þykir rétt með hliðsjón af atvikum öllum að ákærða haldi tækinu með því að greiða af því tilskyld gjöld, þannig að upptökukröfu ákæruvalds er hafnað af dóminum.

Loks ber að dæma ákærðu til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málflutningslaun skipaðs verjanda hennar, Arnar Höskuldssonar hdl., kr. 10.000,00.

D ó m s o r ð:

Ákærða, Erna Benediktsdóttir, greiði 5.000 króna sekt í ríkissjóð innan 4 vikna frá dómsbirtingu, en sæti ella 5 daga varðhaldi.

Ákærða greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Arnar Höskuldssonar hdl., kr. 10.000.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.